hvorugt fjelagið hefur síðan gjört nokkurt tilboð um, að inna hið fyrirhugaða ferðalag af hendi. 48 18. apríl.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um sveitfesti þurfalings.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar herra amtmaður, dags. 7. og 9. þ. m. og þar með fylgjandi nýjar upplýsingar viðvíkjandi sveitfesti stúlkunnar Ingibjargar Sigurðardóttur á Syðstu-Grund í Reykjavík, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að það nú er sannað, að tjeð Ingibjörg Sigurðardóttir hefur á árunum $18^{85}/_{86}$, $18^{86}/_{87}$ og $18^{87}/_{88}$ þegið styrk úr sveitarsjóði Mosfellshrepps, verð jeg að vera yður samdóma um, að hún síðan árið 1878, er hún fluttist til Reykjavíkur, ekki hafi getað unnið sjer þar framfærzlurjett, heldur sje sveitlæg í Mosfellshreppi. 49 9. maí.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* **um endurgreiðslu á tolli.** — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 17. marz þ. á., viðvíkjandi beiðni verzlunarstjóra Thor Jensens í Borgarnesi, um endurgreiðslu á tolli, er hann hefur greitt af 349 pottum brennivíns, er eiga að hafa lekið niður á skipinu »Thor«, er kom til Borgarness 25. maí 1891, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að með því að umrædd tollgreiðsla af hans hendi er innkomin í landsreikninginn fyrir 1891, og því staðfest af löggjafarvaldi landsins með lögum um samþykkt landsreikninganna 1890 og 1891, 16. sept. 1893, I. 10, þá hefi jeg ekki heimild til þess að leyfa endurborgun tollupphæðarinnar, heldur verður hann að sækja um það til fjárveitingavaldsins, enda hefur ekki verið fylgt fyrirskipuðu formi til þess að sanna, að lekinn í raun og veru hafi átt sjer stað á leiðinni hingað til lands. 50 9. maí.

Brjef landshöfðingja *til biskups* **um flutning kirkju** (ágrip). — Með brjefi þessu var samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 leyft að flytja kirkjuna í Flatey á Skjálfanda að þjóðjörðinni Brettingsstöðum á Flateyjardal. 51 9. maí.

Reikningur 52

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps 1892—1893.

Tekjur.

		kr.	a.	kr.	a.
1.	Eign í fardögum 1892:				
	a. Í fasteignum	2310	00		
	b. Ógoldnar leigur og landskuld af ½ Gloppu $18^{82}/_{83}$	19	75	2329	75